

Kærunefnd útboðsmála  
Yfirkattanefnd,  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
B.t.Sigrúnar Ingadóttur

*Einnig sent með tölvupósti á netfangið [knu@yfirkattanefnd.is](mailto:knu@yfirkattanefnd.is)*

Húsavík, 13. ágúst 2021

### Stjórnsýslukæra

#### Aðild

1. Kærandi er Garðvík ehf., Kringlumýri 2, 640 Húsavík, kt. 540206-0900 (hér eftir „**kærandi**“).
2. Varnaraðili er Sveitarfélagið Norðurþing (hér eftir „**Norðurþing**“), Ketilsbraut 7- 9, 640 Húsavík, kt. 640169-5599 (hér eftir „**varnaraðili**“).

#### Kæruheimild

3. Kæruheimild kæranda byggir á 2. ml. 1. mgr. 105. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup (hér eftir „**lög um opinber innkaup**“ eða „**OIL**.“). Kærandi er Skrúðgarðyrkjufyrirtæki og er einn af seljendum í Rammasamningi RK-17.09

#### Fyrirsvar

4. Guðmundur Vilhjálmsson, framkvæmdarstjóri Garðvíkur ehf. er í fyrirsvari fyrir hönd kæranda í máli þessu. [gudmundur@velavorur.is](mailto:gudmundur@velavorur.is) S:894 4413

#### Kröfugerð

5. Kærandi gerir þá kröfu samningar sem gengið var til við fyrirtækið Bæjarprýði ehf kt: 660220-0700 um viðgerðir á hellulögnum, hellulögnum og kantsteinslögn neðan Naustsins, við Ásgarðsveg og viðgerðir á kantsteinum sem og gerð niðurtekta víðar um bæinn, verði gerðir óvirkir og framkvæmdir stöðvaðar.
6. Til viðbótar er þess krafist að frekari samningsgerð við Bæjarprýði ehf verði stöðvuð og varnaraðila verði gert að bjóða verk út í örútboði meðal aðila að Rammasamningi RK-17.09 sem og önnur sambærileg verk á Skrúðgarðyrkjusviði.
7. Er í öllum tilvikum krafist þess að varnaraðili greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi samkvæmt mati nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 111. gr. laganna.

#### Fylgiskjöl

8. Kærandi leggur fram þessa stjórnsýslukæru ásamt fylgiskjöldum 1-

1. Tilkynningu varnaraðila til íbúa um framkvæmdir.
2. Myndir af verkefninu.

#### Málavextir

9. Síðari hluta júlí s.l. fór að bera á miklum framkvæmdum neðan Naustsins við gatnamót Garðarsbrautar og Ásgarðsvegar á Húsavík. Gerð var töluverð hellulögn í eldra gangsteéttarsvæði á að giska 100 fermetrar ásamt því sem gerður var stór kantur úr

tröppusteini, gerðar a.m.k 5 niðurtekir ásamt öðrum smærri verkum. Þessa vikuna standa yfir lagfæringar við Garðarsbraut 26 og farið er að gera niðurtektir víðar um bæinn sambærilegar þeim sem gerðar eru neðar Naustsins. Að auki er verið að setja upp gangbrautarlýsingu auk annarra smærri verka, s.s. að leggja snjóbræðslukerfi.

10. Greinilegt er að Bæjarprýði ehf er aðalverktaki í verkinu, en aðrir verktakar á svæðinu hafa verið:
  - a. Höfðavélar ehf 610602-3120 Jarðvinna
  - b. A. Hjaltason ehf 620317-1600 Uppsteypun kantsteina
  - c. E.G. Jónasson ehf 591296-3299 Raflagnir
  - d. Ekki er vitað hver sér um snjóbræðslulagnir.
11. Á heimasíðu Norðurþings má sjá tilkynningu um framkvæmdirnar dagsett 15 júlí 2021.
12. Ætla má að samanlagður kostnaður ofangreindra framkvæmda sé yfir 5 milljónir króna.
13. Engin opinber verðkönnun fór fram um ofangreind verkefni.
14. Ekki var leitað til aðila að Rammasamningi RK 17.09 um verkefni á vegum Norðurþings á árinu 2021 um verkefni sveitarfélagsins

### Rökstuðningur fyrir kröfum kæranda

15. Kærandi telur ljóst að varnaraðila sé óheimilt að ganga til samninga við aðila sem ekki er aðili að Rammasamningum Ríkiskaupa án þess að fyrst sé leitað til aðila samningsins. Fyrirtækið Bæjarprýði ehf var stofnað árið 2020 og tók ekki þátt í útboði Ríkiskaupa á þjónustu iðnaðarmanna sem er grunnur Rammasamnings RK-17.09
16. Ekkert þeirra fyrirtækja sem hér eru að ofan talin eru aðilar að rammasamning Ríkiskaupa.
17. Um er að ræða umfangsmikil viðhaldsverkefni og flokkast verkefni þessi sem þjónustukaup iðnmeistara frekar en nýframkvæmdir.
18. Vísað er sérstaklega til úrskurðar Kærunefndar Útboðsmála 15/2021 þar sem Vinnuvélar Eyþórs ehf eru metnar ógjaldgengar til viðskipta við Varnaraðila þar sem Vinnuvélar Eyþórs eru ekki seljendur í Rammasamningi.
19. Með vísan til alls ofangreinds telur kærandi ljóst að varnaraðila hafi verið óheimilt að ganga til samninga við ofangreinda aðila án undangengis örútboðs/ verðkönnunar meðal seljenda rammasamnings RK-17.09.

### Úrræði

20. Kærandi krefst með vísan til 111. gr. laga um opinber innkaup að kærunefnd útboðsmála (hér eftir „**kærunefndin**“) lýsi samning varnaraðila við Bæjarprýði ehf ógildan og leggi fyrir varnaraðila að bjóða verk á skrúðgarðyrkjusviði út í örútboði meðal seljenda í Rammasamningi RK 17.09
21. Er í öllum tilfellum krafist þess að varnaraðili greiði kæranda kostnað við að hafa kæruna uppi samkvæmt mati nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 111. gr. laganna.

### Niðurlag

22. Kærandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum og sjónarmiðum á síðari stigum málssins eftir því sem við getur átt.
23. Kærandi heimilar að tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir verði sendir kæranda eingöngu með tölvupósti.

Virðingarfyllst,



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðmundur Vilhjálmsson".

Guðmundur Vilhjálmsson

Garðvík ehf

Kt: 540206-0900

Kringlumýri 2

640 Húsavík.



Starfsmenn Bæjarprýði að störfum neðan Naustsins á Garðarsbraut.



Framkvæmdir í gangi á Garðarsbraut norðan Ásgarðsvegar.



Endurnýjuð gangstétt við Garðarsbraut, niðurtekt hefur síðar verið gerð handan götunnar.



Gerð niðurtektar handan gangbrautar yfir Garðarsbraut.



Niðurtekt á horni Garðarsbrautar og Hjarðarhóls




Bæjarprýði er víða um bæinn í viðgerðum á gangstéttum og kantsteinum.

# Tilkynning til íbúa vegna framkvæmda við Garðarsbraut

15.07.2021

Þessa dagana standa yfir framkvæmdir við Garðarsbraut, fyrir framan Naustið.

Um er að ræða endurnýjun gangstéttu, tenging snjóbræðslukerfis og annar yfirborðsfrágangur ásamt lagfæringu gangbrautarlýsingar við nærliggjandi gangbrautir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði að mestu lokið fyrir Mærudaga og eru vegfarendur beðnir um að sýna aðgát og tillitssemi meðan á framkvæmdum stendur.



Framkvæmda- og þjónustufulltrúi Norðurþings